

Upphaf annar



Þá er ný önn, vorönn 2012, komin vel af stað og skólahald óðum að færast í eðlilegt horf. Önnin fór að vanda rösklega af stað með endurtektarprófum og það má fylgja með að nemendur stóðu sig yfirleitt vel á þessum prófum. Rétt um 73% nemenda náðu þeim prófum sem þeir þreyttu. Þeir sem ekki náðu þurfa að endurtaka áfangann í fjarnámi, sbr. [reglur um námsmat, próf og verkefni](#). Rétt er í þessu sambandi að vekja athygli á reglu 5.2, sem nemendur horfa gjarnan til eftir próf og vilja komast hjá því að endurtaka áfanga í fjarnámi. Um þessa reglu og mögulegar afleiðingar hennar var fjallað í [7. tbl. Vefritsins](#) í fyrra.

Á vorönninni nær félagslífið hápunktum sínum með Nemendamótinu og útgáfu Verzlunarskólalablaðsins. Þetta eru því annasamir tímar hjá mörgum nemendum og töluverð ábyrgð á herðum þeirra sem hafa valist til forystu. Það er því mikilvægt að þeir skipuleggi tíma sinn vel og láti ávallt námið hafa forgang. Foreldrar nemenda í 3. og 4. bekk eru að vanda hvattir til þess að fylgjast vel með mætingu og námsframvindu barna sinna. Rétt er að benda foreldrum þeirra sem náð hafa 18 ára aldri á að nemendur geta sjálfir stillt heimasvæði sitt þannig að foreldraágangur verði virkur.

Stafsetning í 3. bekk

Eins og áður hefur komið fram í Vefritinu er skólanum umhugað um að nemendur hafi gott vald á réttitun að námi loknu. Til þess að ná því marki hefur hlutur réttitunar verið aukinn og er hún nú tekin fyrir í öllum íslenskuáföngum. Í aðalnámskrá framhaldsskólanna segir að nemendur „eigi að fá tækifæri til þess að bæta kunnáttu sína í réttitun og greinarmerkjasetningu ef ástæða þykir til.“ Til þess að koma til móts við þá nemendur á fyrsta ári sem ekki náðu 4,5 í stafsetningu



á jólaþrófi verður boðið upp á stafsetningaráfanga í fjarnámsumhverfinu. Til þess er ætlast að nemendur sýni metnað í verki og vinni vel í áfanganum enda gefur áfanginn einingu. Standist nemandi hann ekki hefur hann ekki

frekari áhrif á námsframvindu hans. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til þess að ræða við börn sín um mikilvægi þess að stafsetja rétt og kosti þess að nýta þá aðstoð sem skólinn býður upp á. Þessi áfangi er nemendum að kostnaðarlausu.


Alþjóðamál



Eins og endranær er líf og fjör í alþjóðaverkefnum í skólanum. Þann 6. febrúar heim-sækja okkur nemendur ásamt kennurum frá Litháen og Noregi og dvelja á heimilum og í skólanum í eina viku. Þessir nemendur ásamt íslensku gestgjöfunum eru að vinna saman í viðskiptaverkefni sem ber titilinn Redesign, Innovation, Entrepreneurship og er Nordplus samvinnuverkefni milli Verzlo og tveggja skóla í Noregi og

Litháen. Kennarar skólans hafa einnig í auknum mæli tekið þátt í ýmiss konar samstarfi enda gefst þá kjörið tækifæri til þess að víða að sér nýjungum og hugmyndum til frekari skólaþróunar. Sex kennarar fara til Kaupmannahafnar í næstu viku. Erindið er að skoða og fylgjast með kennslu í tveimur dönskum menntaskólum. Í lengstu lög er þess gætt að kennsla falli ekki niður þegar kennarar fara utan, annað hvort með forfallakennslu eða sjálfstæðum hópvinnuverkefnum.

Foreldrafundur



Mánudaginn 30. janúar n.k. verður foreldrum og forráðamönnum 3. og 4. bekkinga boðið að

koma í viðtöl hjá umsjónar-kennurum. Áætlað er að hvert viðtal taki ekki lengri tíma en 10 mín. og verður foreldrum boðið að koma á milli 12:50 og 18:00. Foreldrar/forráðamenn nemenda í 3. og 4. bekk fá sent heim bréf þar sem útskýrt er hvernig hægt er að skrá sig á ákveðna tíma til að forðast biðraðir. Viðtölin fara fram í heimastofum bekkja á 3. og 4. hæð skólans og því gott að mæta tímanlega til að finna rétta stofu. Námsráðgjafar verða til staðar á 3. og 4. hæð þar sem viðtölin fara fram. Skólastjórnendur og deildarstjórar verða til taks í húsinu fram eftir degi. Ef einhverjar spurningar vakna hafið þá samband við nemendaþjónustuna.

